

Sp.

87. Tillaga til þingsályktunar

[62. mál]

um að greiða út kaup sjómanna síldveiðiflotans.

Flm.: Áki Jakobsson, Ásmundur Sigurðsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nú þegar verði innleystar sjóveðskröfur þær, sem til hafa orðið vegna síldveiðanna s. l. sumar, jafnframt verði sjómönnum þeim, sem kröfurnar eiga, greidd laun sín án frekari dráttar.

G r e i n a r g e r ð.

Nú eru nær þrjú mánuðir síðan síldarvertíð lauk, en enn þá er stór hópur sjómanna, sem ekki hefur fengið kaup sitt greitt. Það er óþarfi að taka það fram, að menn þessir og aðstandendur þeirra eru í hinum mestu vandræðum með afkomu sína, vegna þess að þeir fá ekki kaupið greitt. Það er ekki nóg með, að þessir menn eru knúðir til alls konar vanskila, heldur eru margir í hinni mestu neyð.

Öllum sjóveðskröfum þessum er þann veg háttað, að bankarnir munu leysa þær út heldur en að tapa veðréttum fyrir lánum þeim, sem þeir hafa veitt út á skipin, en þeir hafa þann leiða síð að leysa ekki sjóveðin fyrr en komið er að uppboði, og þá er að sjálfsögðu kominn á kröfurnar margháttaður aukakostnaður, sem hægt væri að komast hjá, ef bankarnir leysa sjóveðin strax. Tillaga þessi, ef framkvæmd verður, felur því ekki í sér neinn aukakostnað fyrir bankana, heldur þvert á móti sparar þeim og þar með útgerðinni alls konar kostnað, sem hleðst á kröfurnar við málssókn, fjárnám og uppboð. Auk þess leysir þetta hina brýnu þörf síldarsjómanna.